
Malartaka í landi Ófeigsstaða og Rangár vestan Skjálfandafljóts Ákvörðun um matskyldu

Inngangur

Þann 14. október 2016 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Fljótsmöl ehf. um fyrirhugaða malartöku í landi Ófeigsstaða og Rangár vestan Skjálfandafljóts, Þingeyjarsveit, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.03 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Þingeyjarsveitar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar.

Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Malartaka í landi Ófeigsstaða og Rangár vestan Skjálfandafljóts. Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matskyldu. Efla verkfræðistofa. Október 2016.

Umsagnir bárust frá:

- Þingeyjarsveit með bréfi dags. 23. nóvember 2016.
- Fiskistofu með bréfi dags. 15. nóvember 2016.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands með bréfi dags. 11. nóvember 2016.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 21. október 2016.

Fyrirhuguð framkvæmd

Í gögnum með tilkynningu Fljótsmolar ehf. kemur fram að sótt er um leyfi til áframhaldandi malartöku í landi Ófeigsstaða og Rangár vestan Skjálfandafljóts, við Þjóðveg 85 í Þingeyjarsveit. Malartaka hefur verið á svæðinu um árabil og fyrirtækið hefur verið með framkvæmdarleyfi og leyfi frá Fiskistofu fyrir 45.000 rúmmetrum sem er nú útrunnið. Svæðið sem um ræðir er á malareyri sem Skjálfandafljót flæðir reglulega yfir og með breytilegum farvegi.

Í greinargerð Eflu verkfræðistofu, unnin fyrir Fljótsmöl ehf., kemur fram að framkvæmdarsvæðið verði yfir 24.800 m², staðsett á malareyri sem teygir sig út í fljótið. Fyrirhugað er að safna saman efni af þessari áreyri með beltagröfu og setja á vörubíl sem ekið verði eftir núverandi vegi að söfnunarstað sem staðsettur yrði við vestanverðan enda Skjálfandafljótsbrúar. Efnið verði sótt niður á 1- 1,5 m dýpi og heildarmagn því að hámarki 37.200 rúmmetrar.

Umhverfisáhrif

Í greinargerð Fljótsmolar ehf. er fjallað um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á ásýnd svæðisins, gróður og fuglalíf. Fram kemur að landslagið er einsleitt, flatt með uppbyggðum malareyrum og ber einkenni þess að fljótið renni yfir bakka sína með jöfnu millibili. Efnistökusvæðið er gróðursnautt, mestmegnis mól sem áin ber með sér og færir til á milli ára.

Ásýnd landsins

Fram kemur í skýrslu framkvæmdaraðila að náttúrufar svæðisins einkennist af einsleitum áreyrum. Efnistaka við fljótið er úr lausum jarðefnum sem framkvæmdaraðili gerir ráð fyrir að endurnýist að



vissu marki á ákveðnum árafjölda, þar sem fljótið beri með nýtt efni sem setjist aftur fyrir í viðkomandi áreyrar. Ekki eru sérstakar jarðmyndanir á þessu svæði og helstu gróðurlendi í nálægð við svæðið eru ræktuð tún, graslendi og votlendi sem ekki munu raskast við framkvæmdirnar.

Gróður

Fram kemur í tilkynningu frá framkvæmdaraðila að efnistökusvæðið við Skjálfandafljót er að stórum hluta byggt upp af sand- og malareyri sem myndast hefur við framburð árinna. Um er að ræða lítt gróið svæði þar sem malartaka hefur þegar átt sér stað og er svæðið raskað og vegslóði að framkvæmdarsvæðinu til staðar. Áætlað er að efnistakan muni hafa mjög lítil staðbundin áhrif á gróður auk þess sem áin flæðir reglulega yfir efnistökusvæðið. Má áætla út frá þessu að áhrif efnistökkunnar við Skjálfandafljót á gróður séu óveruleg.

Fuglalíf

Fram kemur að á svæðinu er helst að vænta vaðfugla sem eiga heimkynni sín í mó- og votlendi. Þar sem efnistaka mun fara fram á gróðurlausri malareyri og vegslóði er nú þegar til staðar er ekki talið að framkvæmdir muni skerða búsvæði þessa tegunda. Sandlóa nýtir mögulega malareyrina til varps, en það hefur ekki verið kannað. Endur hafa búsetu meðfram Skjálfandafljóti en þær nýta malareyri ekki að neinu ráði nema sem hvíldarstaði. Vinna við efnistöku getur mögulega haft truflandi áhrif á varptíma en ekki er talið að efnistakan muni hafa veruleg áhrif á búsvæði fugla.

Vatnalíf

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að ekki sé líklegt að efnistaka á þessu svæði muni hafa áhrif á stofnstærð fiska í ánni að þessu stigi. Einnig er vísað til eldri umsagna Veiðimálastofnunar þar sem það er undirstrikað að frekari efnistaka á svæðinu geti haft áhrif á farveg og skilyrði fyrir fiska, en það þyrfti að meta. Stofnunin bendir einnig á að viðkomandi svæði er vel sýnilegt frá fjölförnum vegi og geta framkvæmdir sem þessar haft áhrif á ímynd árinna sem veiðiár.

Fiskistofa bendir einnig á að veitt hafi verið leyfi fyrir 45.000 rúmmetrum efnistöku af svæðinu, útgefið 02.09.2015. Það leyfi hafi aðeins verið óbeint tengt þeim áformum sem nú eru uppi, þar sem efnistakan er fyrirhuguð á sama svæði. Fiskistofa bendir á að í meðfylgjandi greinargerð framkvæmdaraðila komi fram að efnið skuli vera tekið af 24.800 fermetra svæði af áreyri, og yrði efnistakan 1-1,5 metra að dýpt. Þar af leiðandi verður heildarrúmmálið því allt að 37.200 rúmmetrum. Áform um efnistöku sem sótt er um núna yrði því framhald á efnistöku sem staðið hefur verið á svæðinu.

Fiskistofa bendir á að ef um frekari efnistöku á svæðinu er fyrirhuguð og samanlagt efnismagn fari yfir 150.000 rúmmetra, þarf umhverfismat í samræmi við viðauka 1, 2.01, í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í tilkynningu framkvæmdaraðila er greint frá því að í umsögn formanns stjórnar Veiðifélags Skjálfandafljóts komi fram að veiðifélagið gerir ekki athugasemd við efnistöku.

Þingeyjarsveit, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Umhverfisstofnun gera ekki athugasemdir við fyrirhugaða efnistöku.

Skipulag og leyfisveitingar

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Þingeyjarsveitar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Einnig ber



framkvæmdaraðila að sækja um leyfi Fiskistofu vegna efnistökkunnar í samræmi við 33.gr. laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Niðurstaða

Um er að ræða aukningu og áframhaldandi malartöku í landi Ófeigsstaða og Rangár vestan Skjálfandafljóts, við Þjóðveg 85 í Þingeyjarsveit. Efnistakan er fyrirhuguð á 24.800 fermetra svæði af áreyri og heildarrúmmálið allt að 37.200 rúmmetrum. Áður hefur verið veitt leyfi fyrir 45.000 rúmmetra.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.03 í 1. viðauka laganna.

Fyrirhuguð framkvæmd er á svæði sem er þegar raskað af efnistöku og afmarkast af malareyri sem árvegur Skjálfandafljóts flæðir yfir reglulega. Vegslóði er til staðar frá Þjóðvegi að framkvæmdasvæðinu. Efnistökusvæðið er á sand- og malareyri og áhrif á heildargróðurþekju svæðisins lítil sem engin og því áhrif á gróður talin óveruleg. Vegna nálægðar við árfarveginn er talið að þau áhrif verði ekki varanleg. Einnig getur malarnámið haft áhrifin varp vissra fuglategunda en áhrifin eru talin óveruleg þar sem svæðið er nú þegar raskað af efnistöku. Einna helst má áætla að neikvæð umhverfisáhrif felast í sjónrænum áhrifum á meðan efnistöku stendur.

Að teknu tilliti til ofangreinda atriða telur Skipulagsstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Stofnunin bendir þó á að ef frekari efnistaka er fyrirhuguð er nauðsynlegt að tilkynna heildaráform efnistökkunnar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Fljótsmalar ehf. við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð malartaka í landi Ófeigsstaða og Rangár vestan Skjálfandafljóts sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 9. janúar 2017.

Reykjavík, 30. nóvember 2016

Hólmfríður Bjarnadóttir

Ómar Ingbórsson